

Sunnudaginn 14. ágúst 2011 kom fjallskilanefnd Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka.

Fyrir var tekið:

Niðurröfnun fjallskila og mat á þeim:

Ákveðið að farið verði í göngur fimmtudaginn 1. sept. n.k. og réttað laugardaginn 3. sept. Stóðrétt hefst kl:9:00 árdegis þann dag og sauðfé verði réttað þegar það kemur til réttar.

Heimalandasmölun ákveðin laugardaginn 24. sept. og skilarétt sunnudaginn 25. sept. kl:14:00.

Rætt um mat á fjallskilum og ákveðið að hækka það um 6%.

Verð á klst. í eftirleitum ákveðið 1800 kr.

Ara Guðmundi falið að yfirfara réttina og Hauki Stefánssyni að yfirfara safngirðingar.

Rætt um að kaupa skilti til að merkja dilkana í réttinni.

Fleira ekki tekið fyrir.

Rafn Benediktsson

Ari Guðmundur Guðmundsson

Ólöf Þorsteinsdóttir.